

Kennsluáætlun í textílmennt skólaárið 2020-2021

5. - 6. bekkur

Kennari: Erla Sigrún Einarsdóttir

Verkgreinakennsla í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Áherslurnar fyrir textílmennt eru annars vegar handverk, aðferðir og tækni og hins vegar sköpun, hönnun og útfærsla. Enn fremur leitast þau við að mæta áherslupáttum grunnskólalaga og aðalnámskrár. Hvert hæfniviðmið byggist á að minnsta kosti einum efnispætti.

Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.

Kennsluáðferðir:

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera textílmennt að áhugaverðu og lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nokkur þemaverkefni eru yfir skólaárið.

Námsmat: Námsmatið tengist lykilhæfni Aðalnámsskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Matskvarði fyrir metanleg hæfniviðmið er; Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Matsviðmið fyrir 8. - 10. bekk eru A,B+,B,C+,C,D

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

Handverk, aðferðir og tækni

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- Beitt grunnaðferðum greinarinnar.
- Beitt viðeigandi áhöldum.
- Fjallað um efnisfræði.
- Unnið úr fjölbreyttum textílefnum.
- Unnið með einföld snið og uppskriftir.

Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.
- Sýnikennsla

Sköpun, hönnun og útfærsla

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- Próað eigin hugmyndir í textíilverki og unnið eftir ferli.
- Notað fjölbreyttar aðferðir við skreygingar textíla.
- Útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum.
- Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.

Leiðir að markmiðum

- Samtöl og fyrirmæli í kennslustund.
- Sýnikennsla